

# Exploring students' learning attitude and achievement in flipped learning supported computer aided design curriculum: A study in high school engineering education

Í Taiwan var gerð rannsókn til að skoða vandinám í menntaskóla. Í þeirri rannsókn notuðu Chao, Chen og Chuang (2015) aðferðir vandináms til þess að styðja við problem based learning en problem based learning er kennsluaðferð sem kallast á íslensku lausnaleitarnám og byggist á umræðum og þekkingarleit til lausnar á raunverulegum vandamálum. Stúlkur úr menntaskóla í tveimur bekkjum tóku þátt og var meðalaldur þeirra 17 ár. Þær voru 91 talsins. Annar bekkurinn var tilraunahópur en hinn bekkurinn var viðmiðunarhópur. Til þess að meta árangur nemendanna og viðhorf til námsins í bekkjunum voru þau prófuð fyrir og eftir 8 vikna námskeið sem þeir sátu. Niðurstöður bentu til þess að vandinám hafði góð áhrif á þann hóp sem tók þátt í vandinámi umfram samanburðarhópin en marktækur munur mældist á hópunum tveimur á námsárangri og viðhorfi . Í tilraunahópnum sem tók átt í vandinámi batnaði viðhorf til náms, áhugi og sjálfstraust. Niðurstöður sýndu hvernig vandinám hafði jákvæð áhrif á allt lærdómsferli nemendans.

Greinin: <http://onlinelibrary.wiley.com/enhanced/doi/10.1002/cae.21622/>